

**Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar**  
**19. fundur**  
**Þriðjudaginn 11. desember 2007, kl. 20:30-22:00**  
**á Bláu könnunni**

**Fundargerð**

Mætt: Pétur, Hjörleifur, Bergljót, Kristín, Anna Kristveig

Eftirfarandi tekið fyrir:

1. Nefndinni barst bréf frá skipulagsstjóra Akureyrarbæjar dagsett 15.11. sl. vegna athugasemda nefndarinnar við þær breytingar sem lagðar hafa verið til á deiliskipulagi við gróðrarstöð og safnasvæði við Krókeyri. Í bréfinu er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem gerðar voru við umræddar breytingatillögur og færir skipulagsstjóri einnig svör við þeim. Hverfisnefndinni eru þakkaðar góðar ábendingar varðandi umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.
2. Umferðarmál við Brekkuskóla rædd og leitað leiða til þess að minnka bílaumferð í nánd við skólann. Ákveðið að senda á nýju ár erindi til stjórnar foreldrafélags skólans, foreldraráðs og skólastjórnenda þess efnis að hvetja til átaks þar sem foreldrar eru hvattir til þess að senda nemendur gangandi í skólann og benda þeim á öruggar gönguleiðir.
3. Ákveðið að skoða einnig á nýju ári gömlu svæðin í hverfinu og hvetja til þess að einhver þeirra verði endurnýjuð og önnur nýtt betur.
4. Eftirfarandi ályktun vegna umferðar í Innbænum: Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar samþykkir ályktun þess efnis að hugað verði með tvennum hætti að bættri umferðarmenningu við Hafnarstræti og Aðalstræti. Annars vegar telur nefndin mikilvægt að Hafnarstræti frá Lækjargötu inn að Aðalstræti 14 og 16 verði einstefnugata og umferð aðeins leyfð í suðurátt frá Lækjargötu. Hins vegar telur nefndarfólk nauðsynlegt að komi verði upp biðskyldu á gatnamótunum við Hafnarstræti 49, þar sem leikhúsafleggjarinn svokallaði kemur niður hjá Þvottahúsinu Höfða. Þessum ábendingum er hér með komið á framfæri.
5. Tæpt á því að hafa hverfishátíð í vor

Fundi slitið